

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

37. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 4 APRÍL 2014

FUNDARGERÐ.

Mæting:

Ómar Baldursson, Birna D Granz, Guðrún S Berþórsdóttir, Eva Katrín Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason, Jón Ólafur Halldórsson, Sighvatur D Sighvatz, Eyjólfur Ólafsson, Andri Jóhannesson, Einar Ág Kristinsson, Bára Halldórsdóttir, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Helgi Jónsson.

Forföll boðuðu: Haraldur Arnbjörnsson og Júlía Björk Þórðardóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Kjarasamningar
3. Húsfélagið Stórhöfða 31
4. Slys á fundi erlendis, tryggingar
5. Ársfundur Lífeyrissjóðsins Stafa
6. Sumarúthlutun 2014
7. Dómsmál gegn Öryggismiðstöðinni
8. Leigusamningur við Póstinn
9. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda

2. Kjarasamningar

Búið er að ganga frá nokkrum kjarasamningum og hafa flestir verið samþykktir. Þó voru samningar við Reykjavíkurborg og Alcoa felldir.

Verið er að vinna að samningagerð við orkugeirann. Aðallega eru það svokallaðir fastlaunasamningar sem eftir eru og þeir félagsmenn sem taka laun eftir þeim

samningum telja sig hafa dregist talsvert afturúr í launum svo búast má við erfiðum samningaviðræðum.

Einnig er eftir að ganga frá samningum við kvikmyndahúsin og Steinullarverksmiðjuna.

Nú eru að fara í gang viðræður um gerð nýs aðalkjarakjarasamnings eins og samþykkt var. Kynnt var núverandi samninganefnd RSÍ vegna SA/SART. Finna þarf áhugasama einstaklinga sem vilja ganga til liðs við nefndina, eins þurfa aðildarfélögin að endurnýja samningsumboðið til RSÍ, svo allt verði jú löglegt.

Kynnt var kröfugerðin fyrir almenna samninginn sem lögð var fram í nóvember 2013 og samþykkt að halda henni óbreyttri og á sömu nótum.

Reyna á að leggja kröfugerðina fram fyrir 15 apríl n.k.

Rætt var um tímalengd næsta samnings en ætlunin er að reyna að gera langtímasamning til nokkurra ára, en ýmsar blikur er á lofti um að það takist ekki.

Samþykkt var að halda áfram samstarfi við ASÍ um sameiginleg hagsmunamál félagsmanna RSÍ og annarra ASÍ félaga, en ætlunin er að halda launalið næstu samninga utan við það samstarf, þar sem félagsmenn RSÍ hafi dregist verulega afturúr í launum miðaða við viðmiðunarstéttir.

Farið var yfir og kynnt verkaskipting hópa ASÍ, og hverjir væru í forsvari fyrir hvern hóp, og hvaða kröfur eigi að gera. Alls eru þetta 6 vinnuhópar. Þessum vinnuhópum er ætlað að móta kröfugerð fyrir hvern hóp fyrir sig og koma með tillögur.

3. Húsfélagið Stórhöfða 31

Mikil vandræði hafa verið með loftræstingu í húsinu að Stórhöfða 31, og ákveðið að bæta þar úr.

Kynnt var kostnaðaráætlun sem hljóðar uppá kr. 7.753.390.- og skiptist sá kostnaður milli aðila í húsinu.

Samþykkt að ráðast í þessar framkvæmdir þar sem ekki verður hjá því komist að ráðast í úrbætur á kerfinu svo fólki líði vel við störf í húsinu. Annað er ekki boðlegt.

4. Slyd á fundi erlendis

S.l. sumar fóru 3 fulltrúar frá RSÍ-Ung á fund í Þýskalandi. Einn fulltrúinn varð fyrir því óláni að slasa sig og nam læknskostnaður kr.120.000.-

Þar sem ferðin var greidd með korti formannsins og hann ekki með í för þá kom í ljós að slysatrygging kortsins gildi ekki. Hún gildir aðeins ef korthafi er með á ferðalaginu. Hvernig svo sem hægt sé að finna það út.

RSÍ greiðir þennan kostnað og í framhaldinu verða tryggingamál RSÍ endurskoðuð.

5. Ársfundur lífeyrissjóðsins Stafa

Ákveðið hefur verið að ársfundur Stafa verði haldinn 15 maí 2014.

Tilnefning fulltrúa RSÍ í stjórn Stafa verður að liggja fyrir tveimur vikum fyrir fund, svo það er útséð með að það verði gert á sambandsstjórnarfundinum í Stykkishólmi 9-10 maí n.k.

Leitað verður annarra leiða til að tilnefna fulltrúana.

6. Sumarúthlutun orlofshúsa 2014

Alls bárust 544 umsóknir og er það 110 umsóknum færri en á síðasta ári. Úthlutun fengu 358 eða 65,7% umsækjenda. Hafnað var 188 umsóknum eða 34,3%.

Alls voru til úthlutunar 676 einingar í 13 vikur. Í orlofshúsum voru 494 einingar og 182 í tjaldvögnum.

Eins og oft áður var Skógarnes við Apavatn vinsælast, Vaglaskógur og Akureyri þar á eftir.

Fáar umsóknir bárust í tjaldvagna eða 28. Þar af 1 fyrir tjaldvagn á Akureyri og 1 á Egilsstöðum.

Yfirleitt bókast vel í vagnana þegar nær dregur sumri og fólk sér hvernig veðrið er á hverjum tíma.

7. Dómsmál gegn Öryggismiðstöðinni

RSÍ höfðaði mál gegn Öryggismiðstöðinni vegna ólöglegar uppsagnar félagsmanns RSÍ. Málið vannst og ber stefnda að greiða stefnanda kr. 704.074.- með dráttarvöxtum.

Einnig greiðir stefndi kr.400.000.- í málskostnað.

8. Leigusamningur við Póstinn-framlenging

Áhugi er hjá Póstinum að framlengja leigusamning við „200 þúsund naglbíta“ um áframhaldandi leigu á Stórhöfða 29. Farið hefur verið framá lækkun á samningnum og samþykkt að hægt væri að lækka hann um ca. 5% þar sem um öruggann leigutaka væri að ræða. Helst þarf að gera samning ekki til skemmri tíma en 5 ár.

9. Önnur mál

a) Samþykkt var ályktun þar sem mótmælt var harðlega framkomnu frumvarpi um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, þar sem kveðið er á um, að heimilt verði að greiða starfsmönnum fjármálafyrirtækja kaupauka uppá allt að tvöföldum árslaunum.

b) Rætt um félagaskipti félagsmanna innan RSÍ og hvernig beri að taka á því. Lögfræðingi RSÍ falið að skoða málið.

- c) Til umræðu kom staða á tilboði vegna handritakaupanna. Vilji miðstjórnar um upphæð greiðslu frá síðasta fundi var ítrekaður, 2.500.000 kr. + launatengd gjöld. Framkvæmdastjórn var ekki veitt heimild umfram það.

Lagt fram til kynningar:

Minnisblað um: Stefnu lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ um eftirfylgni fjárfestinga og reglur um setu í stjórn atvinnufyrirtækja.

Minnisblað um: Launakjör og umbunarkerfi stjórnenda í fyrirtækjum í eigu lífeyrissjóðs launafólks.

Minnisblað um: Fulltrúaráð í lífeyrissjóðum launafólks á almennum vinnumarkaði.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 16.12

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.